

IS

IS

IS



FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA

Brussel, ...
C

Tillaga að

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...

frá [...]

um ítarlegur reglur um hæfni öryggis- og þjónustuliða í flugi í viðskiptalegum tilgangi og breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. .../... um ítarlegur reglur um starfsfólk í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008

Tillaga að

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...

frá [...]

um ítarlegur reglur um hæfni öryggis- og þjónustuliða í flugi í viðskiptalegum tilgangi og breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. .../... um ítarlegur reglur um starfsfólk í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA

Hefur með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur á sviði flugmála og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og sem fellir úr gildi tilskipun ráðsins 91/670/EBE, reglugerð (EB) nr. 1592/2002 og tilskipun 2004/36/EB⁽¹⁾, þá sérstaklega grein 8(5) hennar,

Þar sem:

- (1) Markmið reglugerðar (EB) nr. 216/2008 er að koma á og viðhalda háu og samræmdu öryggisstigi almenningsflugs í Evrópu. Reglugerðin býður upp á leiðir til að ná því markmiði og öðrum markmiðum á sviði öryggis í almenningsflugi.
- (2) Öryggis- og þjónustuliðar sem starfa á ákveðnum loftförum verða að uppfylla þær viðkomandi og áriðandi kröfur sem tilgreindar eru í viðauka IV í reglugerð (EB) nr. 216/2008. Samkvæmt þeirri reglugerð skulu öryggis- og þjónustuliðar ávallt vera færir og hæfir til að framkvæma úthlutaðar öryggisskyldur sínar; þeir sem starfa í flugi í viðskiptalegum tilgangi skulu hafa vottun á borð við þá sem upphaflega er tilgreind í viðauka III, undirlið O, atriði (d) í OPS 1 1005 eins og tilgreint er í reglugerð (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu tæknilegra krafna og stjórnsýslulegra ferla á sviði almenningsflugs².
- (3) Reglugerð (EB) nr. 216/2008 krefst þess að framkvæmdastjórnin taki upp nauðsynlegar útfærslureglur um leyfisveitingu flugmanna, hæfni öryggis- og þjónustuliða og fyrir mat á læknisfræðilegri færni þeirra. Reglugerð (EB) nr. .../... kemur á þessum útfærslureglum, að undanskildum þeim þáttum sem tengjast hæfni öryggis- og þjónustuliða og þeirri vottun sem henni tengist. Núverandi reglugerð breytir því reglugerð (EB) nr. .../... svo hún innihaldi þessa tilteknu þætti.
- (4) Nauðsynlegt er að veita flugiðnaðinum og stjórnsýslu aðildarríkja nægilegan tíma til þess að aðlaga sig að þessum nýja ramma og til að viðurkenna, við ákveðin skilyrði,

¹ Stjórnartíðindi EB L 79, 13.3.2008, bls. 1.

² Stjórnartíðindi EB L 373, 31.12.1991, bls. 4. Reglugerð með síðustu breytingum reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 (Stjórnartíðindi EB L 240, 7.9.2002, bls. 1).

gildi vottana öryggisþjálfunar sem gefnar eru út til handa öryggis- og þjónustuliðum fyrir beitingu þessarar reglugerðar.

- (5) Svo að tryggja megi hnökralaus umskipti og hátt, samræmt öryggisstig í almenningsflugi innan sambandsins, skulu útfærsluaðgerðir endurspegla nýjustu tækni, þar á meðal viðurkennt verklag og vísindalegar og tæknilegar framfarir á sviði þjálfunar flugáhafna. Samkvæmt þessu ætti því að hafa í huga reglugerð Evrópuráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu tæknilegra krafna og stjórnáráðslegra ferla á sviði almenningsflugs, þær tæknilegu kröfur og stjórnáráðslegu ferli sem samþykkt hafa verið af Alþjóðaflugmálastofnuninni (e. International Civil Aviation Organisation, hér eftir nefnd ICAO) og Flugöryggissamtökum Evrópu til 30. júní 2009, sem og gildandi löggjöf sem hefur að gera með tiltekin landsumhverfi.
- (6) Aðgerðirnar sem tilgreindar eru í viðauka III við reglugerð (EBE) nr. 3922/91 um vottun öryggisþjálfunar öryggis- og þjónustuliða eru fjarlægðar í samræmi við gr. 69(3) í reglugerð (EB) nr. 216/2008. Líta skal á aðgerðirnar sem teknar eru upp af þessari reglugerð sem samsvarandi aðgerðir.
- (7) Flugöryggisstofnun Evrópu (hér eftir nefnd "stofnunin") útbjó tillögur að útfærslureglum og lagði þær fram sem álit fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við gr. 19(1) í reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- (8) Þær aðgerðir sem tilgreindar eru í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var stofnsett með 65. grein reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ :

1. grein

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. .../.. er breytt sem hér segir:

1. Í 1. gr., skal eftirfarandi atriði bætt við:

“6. skilyrði útgáfu, viðhalds, breytingar, takmörkunar, sviptingar eða afturköllunar vottunar öryggis- og þjónustuliða, sem og sérréttindi og skyldur handhafa vottana öryggis- og þjónustuliða.”

2. Í 2. gr., skal eftirfarandi atriði bætt við:

“(11) ‘Öryggis- og þjónustuliði’ er áhafnarmedlimur sem býr yfir viðeigandi hæfni, annar en flugáhafnarmedlimur eða tæknilegur áhafnarmedlimur, sem eru faldar skyldur af rekstraraðila sem tengjast öryggi farþega og flugs í aðgerðum.”

3. Eftirfarandi grein er skotið inn:

“Grein 9b

Hæfni öryggis- og þjónustuliða og vottun þar að lútandi

1. Öryggis- og þjónustuliðar sem starfa á loftförum í viðskiptalegum tilgangi sem vísað er til í gr. (1)(b) og (c) í reglugerð (EB) nr. 216/2008 skulu vera hæfir og

hafa skyldar vottanir í samræmi við tæknilegar kröfur og stjórnsýsluleg ferli sem útlistuð eru í viðauka V.

2. Öryggis- og þjónustuliðar sem hafa, samkvæmt gildissviði þessarar reglugerðar, vottun um öryggisþjálfun í samræmi við reglugerð Evrópuráðsins (EBE) nr. 3922/91³ (hér eftir nefnd EU-OPS):
 - (a) skulu teljast uppfylla þessa reglugerð uppfylli þeir viðeigandi kröfur EU-OPS um þjálfun, skoðun og uppfærslu; eða
 - (b) uppfylli þeir ekki viðeigandi EU-OPS kröfur um þjálfun, skoðun og uppfærslu, skulu þeir ljúka allri þeirri þjálfun og skoðun sem krafist er áður en þeir teljast uppfylla þessa reglugerð; eða
 - (c) hafi þeir ekki stýrt flugvélum í viðskiptalegum tilgangi í meira en 5 ár, skulu þeir ljúka frumþjálfunarnámskeiði og standast próf þar að lútandi eins og krafist er í viðauka V áður en þeir teljast uppfylla þessa reglugerð.
 3. Aðildarríki skulu leysa af hólmi vottanir á öryggisþjálfun sem gefnar eru út í samræmi við EU-OPS með vottunum öryggis- og þjónustuliða á því sniði sem kveðið er á um í lið-AR eigi síðar en 8. apríl 2017.
 4. Öryggis- og þjónustuliðar sem starfa á þyrlum í viðskiptalegum tilgangi samkvæmt gildissviði þessarar reglugerðar:
 - (a) skulu teljast uppfylla kröfur um frumþjálfun í viðauka V ef þeir uppfylla viðeigandi ákvæði um þjálfun, skoðun og uppfærslu sem er að finna í sameiginlegum flugmálakröfum fyrir flutningaflug á þyrlum í viðskiptalegum tilgangi; eða
 - (b) uppfylli þeir ekki viðeigandi kröfur um þjálfun, skoðun og uppfærslu, skulu þeir ljúka allri þeirri viðeigandi þjálfun og skoðun sem krafist er til starfa á þyrlu(m), að undanskyldri frumþjálfuninni, áður en þeir teljast uppfylla þessa reglugerð; eða
 - (c) hafi þeir ekki stýrt þyrlum í viðskiptalegum tilgangi í meira en 5 ár, skulu þeir ljúka frumþjálfunarnámskeiðinu og standast próf þar að lútandi eins og krafist er í viðauka V áður en þeir teljast uppfylla þessa reglugerð.
 5. Aðildarríki skulu gefa út vottanir öryggis- og þjónustuliða á því sniði sem kveðið er á um í lið-AR til allra öryggis- og þjónustuliða sem starfa á þyrlum á viðskiptalegum tilgangi eigi síðar en 8. apríl 2013.
4. Nýjum viðauka V eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð er skotið inn í.

2. grein

1. Reglugerð þessi skal öðlast gildi daginn eftir að hún hefur verið auglýst í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
Hún skal gilda frá og með 8. apríl 2012.
2. Með undanþágu frá málsgrein 1, er aðildarríkjum heimilt að beita ekki ákvæðum málsgreinar CC.GEN.030 (*Skjöl og skráning*) í viðauka V til 8. apríl 2014.

³ Stjórnartíðindi EB L 373, 31.12.1991, bls. 4-8.

3. Með undanþágu frá málsgrein 1, er aðildarríkjum heimilt að beita ekki ákvæðum þessarar reglugerðar hvað varðar öryggis- og þjónustuliða sem starfa á þyrlum í viðskiptalegum tilgangi til 8. apríl 2014.
4. Þegar aðildarríki nýtir ákvæði málsgreina 2 og 3 skal aðildarríkið tilkynna það framkvæmdastjórninni og stofnuninni. Í þessari tilkynningu skal tilgreina ástæður slíkrar undanþágu sem og áætlun um innleiðingu þar sem kveðið er á um aðgerðir og tímasetningu.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, [...]

Fyrir hönd Framkvæmdastjórnarinnar

[...]

Forsetinn

VIÐAUKI V
Hæfni öryggis- og þjónustuliða sem í flutningaflugi í viðskiptalegum tilgangi

[LIÐUR-CC]

UNDIRLIÐUR GEN - ALMENNAR KRÖFUR

CC.GEN.001 Lögbært stjórnvald

Að því er varðar þennan lið, skal lögbært stjórnvald vera það stjórnvald sem útnefnt er af aðildarríkinu þar sem einstaklingur sækir um útgáfu vottunar öryggis- og þjónustuliða.

CC.GEN.005 Gildissvið

Þessi liður kveður á um kröfurnar til útgáfu vottana öryggis- og þjónustuliða og skilyrði gildis þeirra og notkunar handhafa þeirra.

CC.GEN.015 Umsókn um vottun öryggis- og þjónustuliða

Umsókn um vottun öryggis- og þjónustuliða skal lögð fram á því formi og á þann hátt sem lögbæra stjórnvaldið kveður á um..

CC.GEN.020 Lágmarksaldur

Umsækjandi um vottun öryggis- og þjónustuliða skal vera að minnsta kosti 18 ára að aldri.

CC.GEN.025 Sérréttindi og skilyrði

- (a) Sérréttindi handhafa vottunar öryggis- og þjónustuliða eru þess efnis að þeim er heimilt að starfa sem öryggis- og þjónustuliðar í flutningaflugi á loftfari í viðskiptalegum tilgangi sem vísað er til í grein 4(1)(b)og (C) í reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- (b) Öryggis- og þjónustuliðar mega einungis neyta þeirra sérréttinda sem tilgreind eru í (a) ef þeir:
 - (1) eru handhafar gildrar vottunar öryggis- og þjónustuliða eins og tilgreint er í CC.CCA.105; og
 - (2) uppfylla CC.GEN.030, CC.TRA.225 og viðeigandi kröfur liðs-MED.

CC.GEN.030 Skjöl og skráning

- (a) Til að sýna fram á fylgni við viðeigandi kröfur eins og tilgreint er í CC.GEN.025(b), skal hver handhafi halda utan um og leggja fram sé þess farið á leit, þjálfunar- og skoðunarskjöl sem eiga við loftfarstegund hans/hennar eða hæfniafbrigði, nema að sá rekstraraðili sem viðkomandi starfar fyrir haldi utan um slík skjöl og geti auðveldlega lagt þau fram sé farið fram á það af stjórnvaldi eða handhafanum.
- (b) Við neytingu tengdra sérréttinda, skulu handhafar bera á sér öryggis- og þjónustuliðavottanir sínar og lista yfir loftfarstegundir sínar eða hæfniafbrigði sem rekstraraðili/rekstraraðilar sem þeir starfa fyrir láta í té.

UNDIRLIÐUR CCA - SÉRTÆKAR KRÖFUR FYRIR VOTTUN ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTULIÐA

CC.CCA.100 Útgáfa vottunar öryggis- og þjónustuliða

- (a) Einungis skal gefa út vottanir öryggis- og þjónustuliða til umsækjenda sem hafa staðist prófið í kjölfar þess að hafa lokið frumþjálfunarnámskeiðinu í samræmi við þennan lið.
- (b) Gefa skal vottanir öryggis- og þjónustuliða út í samræmi við AR.CC.200:
 - (1) af hinu lögbæra stjórnvaldi; eða
 - (2) af stofnun sem samþykkt er til þess af lögbæru stjórnvaldi.

CC.CCA.105 Gildi vottunar öryggis- og þjónustuliða

Gefa skal vottun öryggis- og þjónustuliða út í ótakmarkaðan tíma og skal hún haldast gild að því undanskildu:

- (a) að handhafi sé sviptur henni eða hún sé afturkölluð af lögbæru stjórnvaldi; eða
- (b) að handhafi hafi ekki neytt tengdra sérreittinda í 60 mánuði á undan á að minnsta kosti einni loftfarstegund.

CC.CCA.110 Svipting og afturköllun vottunar öryggis- og þjónustuliða

- (a) Uppfylli handhafar ekki þennan lið, má lögbæra stjórnvaldið svipta þá öryggis- og þjónustuliðavottun sinni eða afturkalla hana í samræmi við AR.GEN.355.
- (b) Komi til sviptingar eða afturköllunar öryggis- og þjónustuliðavottunar þeirra af lögbæra stjórnvaldinu, skulu handhafar:
 - (1) fá skriflega tilkynningu um ákvörðun þessa, og um áfrýjunarrétt sinn í samræmi við landslög;
 - (2) ekki neyta sérreittindanna sem öryggis- og þjónustuliðavottun þeirra veitir þeim;
 - (3) upplýsa, án óþarfa tafa, þann/þá rekstraraðila sem þeir starfa hjá; og
 - (4) skila inn vottun sinni samkvæmt viðeigandi verklagi sem kveðið er á um af hinu lögbæra stjórnvaldi.

UNDIRLIÐUR TRA - ÞJÁLFUNARKRÖFUR FYRIR VOTTUN ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTULIÐA UMSÆKJENDUR OG HANDHAFAR

CC.TRA.215 Veiting þjálfunar

Sú þjálfun sem krafist er í þessum lið skal:

- (a) veitt af þjálfunarstöðvum eða rekstraraðilum flutningaflugs í viðskiptalegum tilgangi sem samþykkt eru til slíks af hinu lögbæra stjórnvaldi í samræmi við AR.CC.200;
- (b) framkvæmd af starfsfólki sem hefur viðeigandi hæfni til viðkomandi þjálfunatriða; og
- (c) fara fram samkvæmt þjálfunaráætlun og námsskrá sem skjalfest er í samþykki stöðvarinnar.

CC.TRA.220 Frumþjálfunarnámskeið og próf

- (a) Umsækjendur um vottun öryggis- og þjónustuliða skulu ljúka frumþjálfunarnámskeiði til að kynna sér flugumhverfi og til að verða sér úti um þá almennu þekkingu og grunnhæfni

sem krafist er til framkvæmdar á skyldum og til þess að sinna þeirri ábyrgð sem tengist öryggi farþega og flugi við hefðbundnar og óvenjulegar aðstæður sem og í neyðartilvikum.

- (b) Áætlun fyrir frumþjálfunarnámskeiðið skal að minnsta kosti ná yfir atriðin sem tilgreind eru í viðauka 1 í þessum lið. Hún skal fela í sér fræðilega og hagnýta þjálfun.
- (c) Umsækjendur um vottun öryggis- og þjónustuliða skulu undirgangast próf sem nær til allra atriða þjálfunaráætlunarinnar sem tilgreind eru í (b), nema CRM þjálfun, til að sýna fram á að þeir hafi náð því þekkingar- og hæfnistigi sem krafist er í (a).

CC.TRA.225 Loftfarstegund eða hæfniafbrigði

- (a) Handhafar gildrar vottunar öryggis- og þjónustuliða skulu einungis starfa á loftfari séu þeir til þess hæfir samkvæmt viðeigandi kröfum liðs-CAT.
- (b) Til að vera hæfur á loftfarstegund eða afbrigði, skal handhafinn:
 - (1) uppfylla viðeigandi kröfur þjálfunar, skoðunar og gildis, sem ná eins og við á til þess loftfars sem fyrirhugað er að starfa á:
 - (i) sértæk þjálfun fyrir tegund loftfars, breytinganámskeið rekstraraðila; og kynning;
 - (ii) mismunarþjálfun;
 - (iii) endurtekin þjálfun; og
 - (2) hafa starfað, innan 6 mánaða á undan, á loftfarstegundinni, eða hafa lokið viðeigandi endurmenntunarþjálfun og skoðun áður en starfað er aftur á þeirri loftfarstegund.

Viðauki 1 við lið-CC

Frumþjálfunarnámskeið og próf

ÞJÁLFUNARÁÆTLUN

Þjálfunaráætlun frumþjálfunarnámskeiðsins skal að minnsta kosti fela í sér eftirfarandi:

1. *Almenn fræðileg þekking á flugi og flugreglum sem nær til allra þeirra atriða sem eiga við þær skyldur og þá ábyrgð sem krafist er af öryggis- og þjónustuliðum:*
 - 1.1. almenn þekking á viðeigandi flughugtakasafni, flugfræði, farþegadreifingu, starfssvæðum, veðurfræði og áhrifum yfirborðsmengunar;
 - 1.2. flugreglur sem eiga við öryggis- og þjónustuliða og hlutverk lögbærs stjórnvalds;
 - 1.3. skyldur og ábyrgð öryggis- og þjónustuliða í starfrækslu og þörfin á að bregðast við á skjótan og áhrifaríkan hátt í neyðartilvikum;
 - 1.4. áframhaldandi hæfni og færni til að starfa sem öryggis- og þjónustuliði, þar á meðal í sambandi við tímatakörk á flugi og vöktum og hvíldarkröfur;
 - 1.5. mikilvægi þess að tryggja að viðeigandi skjölum og handbókum sé haldið uppfærðum, með breytingum frá rekstraraðila eins og við á;
 - 1.6. mikilvægi þess að öryggis- og þjónustuliðar sinni skyldum sínum í samræmi við rekstrarhandbók rekstraraðilans;
 - 1.7. mikilvægi fyrirflugskynningar öryggis- og þjónustuliða og nauðsynlegrar öryggisupplýsingagjafar í sambandi við sértækar skyldur þeirra; og

1.8 mikilvægi þess aðbera kennsl á það hvenær öryggis- og þjónustuliðar hafa vald og skyldu til að hefja neyðarrýmingu og aðrar neyðaraðgerðir.

2. *Samskipti:*

Í þjálfun skal áhersla lögð á mikilvægi áhrifaríkra samskipta á milli öryggis- og þjónustuliða annars vegar og flugáhafnar hins vegar, þar á meðal samskiptaaðferðir, sameiginlegt tungumál og hugtakasafn.

3. *Kynningarnámskeið á mannlegum þáttum (e. human factors, HF) í flugi og stjórnun áhafnarsamvinnu (e. crew resource management, CRM).*

Þessu námskeiði skal stýrt af að minnsta kosti einum CRM kennara öryggis- og þjónustuliða. Farið skal ítarlega yfir öll þjálfunatriðin og þau skulu að minnsta kosti fela í sér eftirfarandi:

3.1. *Almennt:* mannlega þætti í flugi, almennar leiðbeiningar um meginreglur og markmið CRM, mannlega getu og takmarkanir;

3.2. *Varðandi einstaka öryggis- og þjónustuliða:* meðvitund um persónugerð, mannleg mistök og áreiðanleiki, viðhorf og hegðun, sjálfsmat; streita og streitustjórnun; þreyta og árvekni; ákveðni; meðvitund um aðstæður, upplýsingaöflun og úrvinnsla.

4. *Meðhöndlun farþega og eftirlit í farþegarými:*

4.1 mikilvægi rétttrar sætaúthlutunar með tilliti til þyngdar og jafnvægis flugvélar, sérstakir flokkar farþega og nauðsyn þess að vísa fullfærum farþegum til sætis hjá útgönguleiðum sem eru án eftirlits;

4.2 reglur sem ná til öruggs frágangs farangurs í farþegarými og hluta til þjónustu í farþegarými og hættan á að þeir verði hættulegir þeim sem eru í farþegarými eða verði að hindrun eða valdi skemmdum á neyðarbúnaði eða útgönguleiðum;

4.3 ráðleggingar varðandi að bera kennsl á og stjórna farþegum sem eru, eða verða, ölvaðir, eru undir áhrifum lyfja eða eru árásargjarnir;

4.4 varúðarráðstafanir sem grípa á til þegar lifandi dýr eru meðferðis í farþegarými;

4.5 skyldur sem inna á af hendi komi til ókyrrðar, þar á meðal að ganga tryggilega frá farþegarými; og

4.6 aðferðir sem notaðar eru til að hvetja farþega og sú hópstjórn sem nauðsynleg er til að flýta fyrir neyðarrýmingu.

5. *Fluglækningaþættir og skyndihjálp:*

5.1 almennar leiðbeiningar varðandi fluglækningaþætti og að komast lífs af;

5.2 lífeðlisfræðileg áhrif þess að fljúga með sérstakri áherslu á súrefnisþurrð og súrefniskröfur;

5.3 grunnskyndihjálp, þar á meðal umönnun:

a. flugveiki;

b. oföndunar;

c. brunasára;

d. sára;

e. meðvitundarlausra; og

- f. beinbrota og áverka á mjúkvef;
- 5.4 lækisfræðileg neyðartilvik á flugi og skyndihjálpar þar að lútandi sem nær að minnsta kosti til:
 - a. astma;
 - b. streitu og ofnæmisviðbragða;
 - c. losts;
 - d. sykursýki;
 - e. köfnunar;
 - f. flogaveiki;
 - g. barnsfæðingar;
 - h. heilablóðfalls; og
 - i. hjartaáfalls;
- 5.5 notkun viðeigandi búnaðar, þar á meðal súrefnis til skyndihjálpar, sjúkrakassa og læknataska og innihalds þeirra;
- 5.6 hagnýt grunnendurlífgun með hjartahnoði og aðstoð við öndun, framkvæmd af hverjum öryggis- og þjónustuliða með sérstaklega hannaðri brúðu, þar sem tekið er tillit til einkenna umhverfis loftfars; og
- 5.7 ferðaheilsa og hreinlæti, þar á meðal:
 - a. hreinlæti um borð;
 - b. hætta á snertingu við smitsjúkdóma og leiðir til að draga úr slíkri hættu;
 - c. meðhöndlun sóttnáms sjúkrahússúrgangs;
 - d. sótthreinsun loftfars;
 - e. meðhöndlun dauðsfalls um borð; og
 - f. árveknistjórnun, lífeðlisfræðileg áhrif þreytu, lífeðlisfræði svefns, dægursveiflur og tímabeltisbreytingar.

6. *Hættulegur varningur:*

- 6.1 almennar meginreglur,
- 6.2 mikilvægi verklags og tilkynningar; og
- 6.3 viðeigandi umbúðir og takmarkanir.

7. *Almennir öryggisþættir í flugi, þar á meðal vitund um þau ákvæði sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 300/2008.*

8. *Þjálfun í eld- og reykvörnum:*

- 8.1 áhersla á ábyrgð öryggis- og þjónustuliða þess efnis að sinna tafarlaust neyðartilvikum þar sem um er að ræða eld og reyk og, einkum, áhersla á mikilvægi þess að finna raunverulega uppsprettu eldsins;
- 8.2 mikilvægi þess að upplýsa flugáhöfn tafarlaust, sem og tiltekna aðgerðir sem eru nauðsynlegar til samræmingar og aðstoðar, þegar elds eða reyks verður vart;

- 8.3 nauðsyn tíðra skoðana á svæðum sem eru mögulega eldfim, þar á meðal salerni, og reykskynjarar sem tengjast þeim svæðum;
 - 8.4 flokkun elds og viðeigandi gerð slökkviefna og ferli fyrir tiltekna aðstæður elds, aðferðir við notkun slökkviefna, afleiðingar rangrar notkunar og notkun í lokuðu rými; og
 - 8.5 almennt verklag við neyðarþjónustu á jörðu niðri á flugvöllum.
9. *Þjálfun í að lifa af:*
- 9.1 þjálfun í að lifa af á jörðu niðri, þar á meðal í fjandsamlegu umhverfi (t.d. heimskaut, eyðimörk eða frumskógur);
 - 9.2 þjálfun í að komast lífs af í vatni, þar á meðal að setja á sig og nota persónulegan flotbúnað í vatni og notkun björgunarbáta eða álíka búnaðar, sem og verkleg æfing í vatni.